

Hér má finna 129 stórglæsilegar stillur úr kvikmyndum: [129 Of The Most Beautiful Shots In Movie History](#). Endilega rennið yfir síðuna og skoðið myndirnar. Veljið svo þrjár stillur til að myndgreina. Miðum við hálfa blaðsíðu fyrir hverja stillu, 150-200 orð. Það er óþarfi að fara út í kvikmyndina sjálfa, leikstjóra, tókulið, o.s.frv. - ég vil að þið hugsið fyrst og fremst um rammann sem sjálfstæða einingu. Látið fylgja með hvaða stillur þið veljið, en ekki eyða of miklu púðri í að lýsa myndinni sjálfri, þ.e. ekki of mikla endursögn. Leggið frekar áherslu á að túlka myndina sjálfa, myndbygginguna, liti, línur, dýpt, persónur, staðsetningu, togstreitu, og svo framvegis. Ef þið sjáið tengingar á milli stillanna þriggja megið þið gjarnan ræða þær líka.

Ímyndið ykkur að þið séuð á listasafni og sjáið þessar þrjár stillur uppi á vegg: hvaða hugrenningar fara í gang?

Mynd 1 – The Tree of Life (2011)



Þetta er fyrsta myndin á síðunnu og hún fangaði athygli mína. Sjóndeildarhringurinn er við fjallgarðinn í fjarska og hann skiptir myndfletinu þvers í tvo hluta: Þriðjungurinn er fyrir ofan sjóndeildarhringinn og tveir þriðjungar fyrir neðan hann. Stúlkan á miðri myndinni og skugginn af henni skiptir svo myndfletinum langs í tvo til jafna hluta, flöturinn til hægri er þó aðeins stærri. Þessi skipting myndflatarins gefa myndinni mikla dýpt.

Bláu litirnir gefa myndinni tæran og hreinan blæ. Fremst og að baki stúlkunnar er myndin ekki í fókus og það gefur tilfinningu fyrir hreyfingu. Stúlkan er á ferð og stefnir í áttina að sólinni, það er engu líkara en að hún gangi á ísilögðu vatni og að snjórinn þyrlist upp við för hennar. Fókus myndarinnar er á stúlkunni og þeim hluta myndarinnar sem er fyrir ofan sjóndeildarhringinn.

Stúlkan gengur í sólarátt og skugginn af henni varpast á myndflötinn fyrir aftan hana. Mjúk birtan gefur myndinni angurværan blæ, það er eins og stúlkan gangi í átt til framtíðar og betra lífs, en skilji að baki sér skugga þess liðna. Hún er frjáls og gengur berfætt og áhyggjulaus á vit þess sem koma skal. Sólin skapar ljóshjúp utan um líkama stúlkunnar og það er eins og skýin á himninum spryngi út í kringum ljóshjúpinn. Það er ekki laust við að þetta gefi myndinni trúarlegan blæ, eins og vísunin sé í frelsarann sem gekk berfættur á vatni í átt til himnaríkis.

Mynd 2 - Sympathy for Lady Vengeance (2005)



Þessi mynd einkennist af skáhallandi línunum. Umhverfið er fábreytt, flísalaft gólf og á því miðju stendur stúlka og það varpast langur skuggi af henni niður á gólfíð. Birtan kemur ofan frá, trúlega frá loftgluggum á húsinu sem hún er í. Birtan varpar einnig skuggum af þver- og langsperrum í þakinu. Mynstrið sem flísarnar mynda er skáhallandi á myndfletinum og skuggarnarir sem varpast af sperrunum í loftinu eru líka skáhallandi og falla nánast ofan í rákirnar á milli flísanna. Skuggi stúlkunnar er einnig samsíða skáhallandi línunum sem skuggarnir varpa á gólfíðinn.

Litirnir eru einfaldir, frá hvítum, ljósgráum og yfir í svartan. Sterkastur er liturinn af skugga stúlkunnar. Fábreytni litanna gefa myndinni grámyglulegan blæ og leggja áherslu á umkomuleysi stúlkunnar í þessu stóra rými. Skáhallandi línur flísanna og skugganna gefa tilfinningu fyrir því að stúlkann sé lokuð inni á þessum stað og dvelji þar án síns vilja. Við horfum niður til hennar og það eykur á tilfinninguna fyrir smæð hennar og varnarleysi. Stúlkann er einmana og stendur þarna án tilgangs og takmarks. Hún er ekkert að fara og henni líður ekki vel þar sem hún er.

Mynd 3 - The Road (2009)



Á þessari mynd er horft áfram veginn og inn myndflötinn. Eftir veginum endilöngum er breið rák og skiptir hún myndfletinum í tvo jafna hluta langsum. Myndflöturinn skiptist einnig í tvo hluta þvers, þriðjungurinn er fyrir neðan sjóndeildarhringinn og tveir þriðjungarnir eru fyrir ofan hann.

Það er mikil dýpt í myndinni og vegurinn sem þekur myndflötinn í forgrunni er langur og liggur beint af augum inn í sjóndeildarhringinn. Sitt hvoru megin við veginn eru rafmagnsstaurar, sumir standa lóðréttir upp af landinu eins og þeim er ætlað að vera en aðrir eru við það að falla niður og mynda þeir skáhallandi línur. Á milli rafmagnsstauranna eru rafmagnslínur sem mynda línur þvert yfir myndflötinn og einnig liggja þær í bugðum á milli stauranna inn eftir myndinni. Sitt hvoru megin við veginn eru bílhra, grindverk og hús, öll mörkuð af þeim eyðileggjandi öflum sem farið hafa um þetta svæði.

Litir myndarinnar eru fábreyttir og í brúnum og gráum tónum. Athygli vekur „STOP“ merkið sem liggur í vegkantinum upp við rafmagnsstaur til hægri á myndinni, það er eldrautt á litinn og stingur í stúf við litatóna myndarinnar. Við sjóndeildarhringinn loga eldar og skera gulleitir bjarmar þeirra sig frá daufum litum myndarinnar. Upp af eldunum leggur reyk sem fyllir loftið fyrir ofan sjóndeildarhringinn.

Eftir veginum ganga tvær mannverur og virðast þær leiðast. Það sést í baksvip þeirra og þær halda í áttina að sjóndeildarhringnum. Allt í kringum þær blasir við eyðileggingin og þær stefna í áttina að sjóndeildarhringnum. Það virðist ekkert taka við annað en meiri eynd og alsleysi. Þessi mynd æpir á áhorfandann: Hrun siðmenningar og eynd mankyns.

Myndirnar þrjár

Myndirnar þrjár sem ég valdi eiga það allar sameiginlegt að myndefnið eru mannsekjur í torræðum heimi. Þær eru allar á vegferð sem erfitt er að ráða í og hvað bíður þeirra er líka órátt. Það er þó mesta vonin yfir fyrstu myndinni, innilokunin í þeirri næstu er hrópandi og í þeirri þriðju hefur umhverfið verið lagt í rúst. En á öllum myndunum er þó manneskjan að glíma við umhverfi sitt og hún gefst ekki upp. Aðlögunarhæfileiki hennar ýtir henni áfram þrátt fyrir að möguleikarnir virðist ekki vera miklir.

Reykjavík, 7. nóvember 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir